

Alþingi
Erindi nr. Þ 128, 1289
komudagur 24.2.2003



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

24. febrúar 2003
5A3a

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 550. mál, vinnutímatilskipun, EES-reglur

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 550. mál, vinnutímatilskipun, EES-reglur ofl. Mjög stuttur tími var gefinn til að veita umsögnina og hefur því miður ekki gefist nægur tími til að fara nákvæmlega yfir frumvarpið með þeim aðilum innan okkar félags sem best þekkja til þessa málaflokks. Óskum við eftir því að koma með frekari athugasemdir síðar.

Að þessu sinni þá vísum við í eldri umsögn félagsins frá 9. apríl 2002 um frumvarp til laga um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605 mál, EES-reglur ofl. Jafnframt tókum við undir athugasemdir BHM frá 19. febrúar 2003. Að auki viljum við nefna eftirfarandi:

Í 23. gr. stendur:

„Á eftir 65. gr. laganna kemur ný grein, 65. gr. a, svohljóðandi:

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi.“


Lagt er til að orðið sérstakt verði fellt út þar sem það getur valdið misskilningi að einungi ætti að gera áhættumat við sérstakar og/eða hættulegar aðstæður.

Í 24. gr. er fjallað um heilsuvernd og markmið heilsuverndar. Orðalag í 24.gr.b. lið er ekki nægilega skýrt né í samræmi við markmið vinnuverndar. Þar er fjallað um andlega og líkamlega aðlögun starfsmanna að starfsumhverfi. Við viljum benda á að meginregla í vinnuvernd og þá sérstaklega hvað varðar endurhæfingu einstaklinga í atvinnulífinu, er að leitast við að aðlaga starfið og starfsaðstöðuna einstaklingnum, en ekki öfugt.

Í 25. gr. er fjallað um þjónustuaðila. Ekki er getið um hvernig staðið skuli að skráningu og utanumhaldi um upplýsingar varðandi þá þjónustu sem þeir veita. Hver á og hver varðveitir þær upplýsingar. Spurningin er hvor það verði tryggt í reglum sem Félagsmáráðherra mun setja um þjónustuaðilana

Að lokum þá leggjum við til að atvinnutengt heilsufar sé talinn hluti af lýðheilsu landsmanna og því nefnt í frumvarpinu.

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga


Herdis Sveinsdóttir, formaður